



Fundargerð

201. fundur Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
15. janúar 2026, kl. 15:30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Alexander Ragnarsson, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Davíð Már Gunnarsson.

Að auki sátu fundinn Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Hjördís Baldursdóttir boðaði forföll. Alexander Ragnarsson sat fundinn fyrir hana.

Jóhann Gunnar Sigmarsson boðaði forföll. Davíð Már Gunnarsson sat fundinn fyrir hann.

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs boðaði forföll.

* * *

1. Staða félagsmiðstöðva í Reykjanesbæ og framtíðarsýn (2025120059)

Ólafur Bergur Ólafsson, verkefnastjóri Tómsundamiðstöðvar Reykjanesbæjar, mætti á fundinn og fór yfir framtíðarsýn og stöðu félagsmiðstöðva í Reykjanesbæ.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu.

2. Efling barna- og ungmennastarfs - skýrsla Fimleikadeildar Keflavíkur (2026010226)

Skýrsla Fimleikadeildar Keflavíkur um eflingu barna- og ungmennastarfs lögð fram.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða skýrslu.

3. Íþróttafólk ársins 2025 í Reykjanesbæ (2026010226)

Íþróttafólk Reykjanesbæjar og þau sem urðu heims- og Evrópumeistarar árið 2025 verða heiðruð.

Þriðjudaginn 20. janúar nk. fer fram hátíðleg athöfn í Stapa, Hljómahöll þar sem íþróttafólk Reykjanesbæjar 2025 verður heiðrað sem og heims- og Evrópumeistarar ársins.

4. Samstarfssamningur - Hestamannafélagið Máni (2026010228)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

5. Samstarfssamningur - Golfklúbbur Suðurnesja (2026010229)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

6. Upplýsingagjöf íþrótt- og tómstundafulltrúa (2025110206)

Hafþór Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, fór yfir ýmis mál er varða málaflokkinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.